

***BORGARSTJÓRN 27.2.'18: Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar um aukin atvinnutækifæri unglings R-18020254***

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að auka atvinnutækifæri unglings með því að gera ráð fyrir hlutastörfum á elliheimilum, frístundaheimilum yngsta stigs grunnskóla og á leikskólum á veturna sem eru ætluð unglingum með skóla og þannig aðstoða borgina með mönnun á þessa staði sem erfitt hefur verið að fá starfsfólk.

Greinargerð:

Tillaga okkar snýst um auka atvinnumöguleika nemenda á unglingastigi grunnskóla. Að unglingum verði boðið upp á vinnu á leikskólum, frístundaheimilum og í félagsstarfi með eldri borgurum og taki þar með þátt í samfélaginu og leysi vanda stofnana sem eru í leit að starfsfólk. Þetta er hugsuð sem vinna í 2-3 tíma á dag að loknum skóladegi. Áhugasamir umsækjendur myndu gangast undir atvinnuviðtal hjá starfsmanni félagsmiðstöðvar og stjórnanda viðeigandi stofnana sem og að þátttaka í skóla og mæting væri metin. Þetta mun hafa bæði jákvæð áhrif á samfélagið og auka reynslu ungmenna á atvinnumarkaði. Við krefjumst þess að tillaga okkar taki gildi að loknu sumri 2018.



Reykjavík, 21. ágúst 2018  
VEL2018040035

Málsnr.: R18020254  
Skjalasafn Ráðhúss

22. agú. 2018

Bréfalykill: 5920

Skrifstofa borgarstjórnar  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

*Umsögn um tillögu fulltrúa í ungmannaráði Vesturbæjar um aukin atvinnutækifæri ungmenna - R18020254.*

**Forsaga:**

Óskað var eftir umsögn velferðarsviðs um tillögu fulltrúa í ungmannaráði Vesturbæjar um aukin atvinnutækifæri ungmenna, dags. 27. febrúar 2018. Í greinargerð kemur fram að sköpuð verði aukin atvinnutækifæri unglings með því að gera ráð fyrir hlutastörfum á elliheimilum, frístundaheimilum, yngsta stigi grunnskólans og á leikskólum á veturnar sem eru ætluð unglungum með skóla. Þannig megi aðstoða borgina með mönnun á þessa staði þar sem erfitt hefur verið að fá starfsfólk.

**Svar:**

Velferðarsvið tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn mannaúðsdeildar Reykjavíkurborgar með tillöggunni dags. 6. apríl 2018 þar sem m.a. er vísað í mikilvægi þess að framfylgja lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Einnig að mikilvægt sé að ungmanni starfi í umhverfi þar sem öryggi þeirra sé tryggt.

Í umsögninni er einnig vísað til möguleika á framkvæmd tilraunaverkefnis á vegum skóla- og frístundasviðs þar sem ungmennum verði boðið uppá starfsþjálfun innan sviðsins, innan þess svigrúms sem ákvæði fyrrnefndra laga leyfa.

Starfsþjálfun og kynning á ýmsum störfum fyrir börn í efstu bekkjum grunnskólans er án efa góð leið fyrir nemendur, þá sem hluta af námi og getur verið vegvísir fyrir þau inn í framtíðina. Rétt væri að slíkt yrði unnið í samvinnnu við námsráðgjafa og viðkomandi nemanda. Mögulega gæti slíkt fyrirkomulag dregið úr brotthvarfi hjá þeim sem eru í áhættu og kveikt áhuga þeirra á ýmsum störfum innan borgarinnar. Það er hins vegar mat velferðarsviðs að ekki sé rétt að bjóða ungmennum launuð störf sem fela mögulega í sér ábyrgð sem ekki samræmist aldri þeirra og þroska.

Virðingarfyllst,

  
Kristjana Gunnarsdóttir

Kristjana Gunnarsdóttir,  
skrifstofustjóri ráðgjafarþjónustu